

2007 nr. 40 27. mars

Lög um heilbrigðisþjónustu

Tóku gildi 1. september 2007. Breytt með: L. 160/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 12/2008 (tóku gildi 1. apríl 2008). L. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. töl. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmelum í 2. mgr. 56. gr.). L. 59/2010 (tóku gildi 17. júní 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 28/2012 (tóku gildi 1. júní 2012). L. 106/2014 (tóku gildi 7. nóv. 2014). L. 126/2018 (tóku gildi 28. des. 2018). L. 91/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020). L. 99/2020 (tóku gildi 23. júlí 2020). L. 44/2022 (tóku gildi 7. júlí 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **heilbrigðisráðherra** eða **heilbrigðisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið, stefnumörkun og skilgreiningar.

■ 1. gr. Gildissvið og markmið.

□ Lög þessi taka til skipulags heilbrigðisþjónustu. Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegrir, líkamlegrir og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laga þessara, [lög um sjúkratryggingar],¹⁾ lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

¹⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ 2. gr. Yfirljórni.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirljórni heilbrigðismála.

¹⁾ L. 126/2011, 451. gr.

■ 3. gr. Stefnumörkun.

□ Ráðherra markar stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laga þessara. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.

□ Við skipulag heilbrigðisþjónustu skal stefnt að því að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga.

■ 4. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. **Heilbrigðisþjónusta:** Hvers kyns heilsugæsla, lækningsar, hjúkrun, ...¹⁾ sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjajónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efta heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

2. **[Fyrsta stigs heilbrigðisþjónusta:** Heilsugæsla, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta á vegum heilsugæslustöðva. Þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum, í hjúkrunar- og dvalarrýmum stofnana og í dagdvöld.]¹⁾

3. **[Annars stigs heilbrigðisþjónusta:** Heilbrigðisþjónusta sem veitt er á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum sem gerðir eru í samræmi við ákvæði VII. kafla og lög um sjúkratryggingar og önnur þjónusta sem að jafnaði er ekki veitt á heilsugæslustöðvum og fellur ekki undir 4. tölul.]¹⁾

4. **[Priðja stigs heilbrigðisþjónusta:** Heilbrigðisþjónusta sem veitt er á sjúkrahúsi og krefst sérstakrar kunnáttu, háþróðrar tækni, dýrra og vandmeðfarinna lyfja og aðgengis að gjörgæslu.]¹⁾

¹⁾ ...

[5.]¹⁾ **Heilbrigðisstarfsmaður:** Einstaklingur sem starfar

við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi [landlæknis]²⁾ til að nota starfsheiti löggiltar heilbrigðisstéttar.

[6.]¹⁾ **Heilbrigðisstofnun:** Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.

[7.]¹⁾ **Hjúkrunarrými:** Rými á hjúkrunarheimili eða [heilbrigðisstofnun]³⁾ þar sem hjúkrað er þeim sem þarfnað umönnunar og meðferðar sem hægt er að veita utan sjúkrahúsa.

[8.]¹⁾ **Háskólasjúkrahús:** Sjúkrahús sem veitir þjónustu í næri öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu. Sjúkrahúsið er í nánu samstarfi við háskóla sem sinnir kennslu og rannsóknum í læknisfræði og flestum öðrum greinum heilbrigðisvísinda, svo og eftir atvikum framhaldsskóla. Starfsmenn sjúkrahússins, sem uppfylla tilteknar hafiskrfur háskóla, gegna störfum bæði á sjúkrahúsini og við háskólann eða hafa önnur starfstengsl við háskólann. Meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsini.

[9.]¹⁾ **Kennslusjúkrahús:** Sjúkrahús sem veitir þjónustu í helstu sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og hefur tengsl við háskóla sem sinnir kennslu og rannsóknum í læknisfræði og fleiri greinum heilbrigðisvísinda, svo og eftir atvikum framhaldsskóla. Starfsmenn sjúkrahússins, sem sinna kennslu og rannsóknum, starfa náið með þeim háskóladeildum er sjúkrahúsini tengjast.

[10.]¹⁾ **Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:** Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþáttöku ríkisins.

[11.]¹⁾ **Dvalarrými:** Rými á hjúkrunarheimili eða heilbrigðisstofnun þar sem þeim er hjúkrað sem þarfnað umönnunar og meðferðar sem hægt er að veita utan sjúkrahúsa, en þó ekki í þeim mæli sem veitt er í hjúkrunarrými.

[12.]¹⁾ **Dagdvöl:** Studningsúrræði fyrir þá einstaklinga sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.]³⁾

¹⁾ L. 91/2020, 1. gr. ²⁾ L. 12/2008, 12. gr. ³⁾ L. 126/2018, 1. gr.

II. kafli. Skipulag heilbrigðisþjónustu.

■ 5. gr. Heilbrigðisumdæmi.

□ Landinu skal skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð.¹⁾ Heilbrigðisstofnanir sem veita ...²⁾ heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi skulu hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Ráðherra getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.³⁾

□ Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugaslu-stöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

¹⁾ Rg. 111/2020. ²⁾ L. 91/2020, 2. gr. ³⁾ Rg. 764/2008, sbr. 1083/2008, 448/2009 og 562/2009. Rg. 76/2011. Rg. 674/2014.

■ 6. gr. [Heilbrigðisstofnanir.

□ Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem sjá um að veita og skipuleggja fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum og/eða sjúkrahúsum, m.a. á göngu- og dagdeildum.

□ Heilbrigðisstofnanir skv. 1. mgr. skulu taka að sér kennslu heilbrigðisstéttá á grundvelli samninga við menntastofnanir, kennslusjúkrahús og háskólasjúkrahús.

- Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um starfsemi heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af ríkinu eða á grundvelli samnings skv. VII. kafla og lögum um sjúkratryggingar, og þá heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita.]²⁾

¹⁾ Rg. 111/2020. ²⁾ L. 91/2020, 3. gr.

■ **[7. gr. [Heilsugæslustöðvar]**

- Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu.
□ Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um starfsemi heilsugæslustöðva og þá þjónustu sem þeim ber að veita.]²⁾

¹⁾ Rg. 111/2020. ²⁾ L. 91/2020, 4. gr.

■ **[7. gr. a. Landspítali]**

- Á Landspítala er veitt annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum. Hlutverk Landspítala er m.a. að vera aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi og veita háskólamenntuðum starfsmönnum sémenntun í heilbrigðisgreinum. Landspítali stundar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og gerir fagfólk kleift að sinna fræðastörfum við háskóla auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna og starfrækja blóðbanka.

- Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um hlutverk og starfsemi Landspítala og þá heilbrigðisþjónustu sem þar skal veitt.]²⁾

¹⁾ Rg. 111/2020. ²⁾ L. 91/2020, 5. gr.

■ **[7. gr. b. Sjúkrahúsið á Akureyri]**

- Á Sjúkrahúsinu á Akureyri skal veitt annars stigs heilbrigðisþjónusta en að auki þriðja stigs heilbrigðisþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum. Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítali skulu hafa með sér samráð um veitingu þriðja stigs heilbrigðisþjónusta. Hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri er m.a. að vera kennslusjúkrahús, varasjúkrahús Landspítala, annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi, taka þátt í að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sémenntun í heilbrigðisgreinum í samstarfi við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir og gera fagfólk kleift að sinna fræðastörfum við háskóla auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna.

- Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða nánar á um hlutverk og starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og þá heilbrigðisþjónustu sem þar skal veitt.]²⁾

¹⁾ Rg. 111/2020. ²⁾ L. 91/2020, 5. gr.

■ **[7. gr. c. Hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými]**

- Í hjúkrunarrýmum heilbrigðisstofnana og hjúkrunar- og dvalarheimila skal veitt hjúkrunarþjónusta fyrir einstaklinga sem metnir hafa verið í þörf fyrir þjónustu í hjúkrunarrými. Enginn getur dvalið til langframa í hjúkrunarrými nema að undangengnu mati færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir dvöl skv. 15. gr. laga um málfní aldraðra.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2020, 5. gr.

■ **[7. gr. d. Dvalarrými]**

- Í dvalarrýmum skal vera aðstaða fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu fyrir einstaklinga sem metnir hafa verið í þörf fyrir þjónustu í dvalarrými. Enginn getur dvalið til langframa í dvalarrými nema að undangengnu mati færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir dvöl skv. 15. gr. laga um málfní aldraðra.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2020, 5. gr.

■ **[7. gr. e. Dagdvöl]**

- Í dagdvöl skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknispjónustu. Um frekari þjónustu í dagdvöl fer skv. 3. tölu. 1. mgr. 13. gr. laga um málfní aldraðra. Enginn getur notið þjónustu í dagdvöl nema að undangengnu

mati faglegs inntökuteymis samkvæmt lögum um málfní aldraðra.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2020, 5. gr.

III. kafli. Stjórn heilbrigðisstofnana.

■ **8. gr. Gildissvið.**

- Ákvæði þessa kafla eiga við um heilbrigðisstofnanir sem ríkið rekur. Ákvæði [10. gr.]¹⁾ eiga þó einnig við um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv. VII. kafla [og lögum um sjúkratryggingar]²⁾ eftir því sem við getur átt.

¹⁾ L. 91/2020, 6. gr. ²⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ **[8. gr. a. Stjórn Landspítala]**

- Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Landspítala, og two til vara, til tveggja ára í senn. Skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Jafnframt skal ráðherra skipa two áheyrmarnfulltrúa úr hópi starfsmanna Landspítalans með málfreli og tillögurétt, án atkvæðisréttar. Í stjórn skulu sitja einstaklingar sem hafa þekkingu á rekstri og áætlanagerð, á heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknum á heilbrigðissviði og menntun heilbrigðisstéttu og á opinberri stjórnsýslu og reglum stjórnsýsluréttar. Einfaldur meiri hluti atkvæða þeirra fimm stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt ræður úrslitum á stjórnarfundum en atkvæði formanns skal ráða úrslitum ef atkvæði eru jófn.

□ Stjórn Landspítala skal í samráði við forstjóra marka stofnuninni langtímastefnu í samræmi við stefnumörkun ráðherra og hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum. Hún skal yfirvara árlega starfsáetlun og ársáetlun skv. 32. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, leggja sjálfstætt mat á þær og bau markmið og mælikvarða sem þar eru sett fram og gera ráðherra grein fyrir mati sínu innan tveggja vikna frá því að ársáetlun hefur verið lögð fyrir ráðherra til samþykktar.

□ Forstjóri skal bera ráðstafanir sem miðað við daglegan rekstur eru mikils háttar eða óvenjulegar í starfsemi stofnunarinnar undir stjórn til samþykktar. Stjórn ber ábyrgð gagnvart ráðherra á þeim ákvörðunum sem hún samþykkir. Forstjóri ber eftir sem áður ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Jafnframt skal stjórn Landspítala vera forstjóra til aðstoðar við ákvárdanir um önnur veigamikil atriði er varða rekstur stofnunarinnar og starfsemi hennar.

□ Formaður stjórnar Landspítala skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stjórnar og stöðu og árangri stofnunarinnar. Þá skal formaður gera ráðherra grein fyrir annars vegar þeim meiri háttar eða óvenjulegu ráðstöfunum sem stjórn hefur samþykkt og hins vegar veigamiklum frávikum í rekstri, hvort heldur er rekstrarlegum frávikum eða faglegum.

□ Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Forstjóri situr stjórnarfundi nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum og hefur þar málfreli og tillögurétt. Stjórn getur jafnframt boðað aðra þá sem hún telur hafa þýðingu fyrir efini funda á fundi stjórnarinnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfórum stofnunarinnar.

□ Ráðherra er skilt að setja reglugerð¹⁾ þar sem nánar er kveðið á um hlutverk og ábyrgð stjórnar. Þá skal stjórn setja sér starfsreglur með nánari ákvæðum um starfssvið stjórnarar.]²⁾

¹⁾ Rg. 831/2022, sbr. 858/2022. ²⁾ L. 44/2022, 1. gr.

■ **9. gr. Forstjórar heilbrigðisstofnana.**

- Forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. [Ráðherra skipar forstjóra Landspítala til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.]¹⁾
- Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjölgurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðispjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.
- Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma.
- [Forstjórar heilbrigðisstofnana eru umdæmisstjórar heilbrigðismála innan síns heilbrigðisumðemis og skulu hafa með sér reglulegt samráð um heilbrigðispjónustu.
- Um skyldur og ábyrgð forstjóra heilbrigðisstofnana gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾

¹⁾ L. 44/2022, 2. gr. ²⁾ L. 91/2020, 7. gr.

■ **10. gr. Fagstjórnendur.**

- Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lærninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.
- Yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri læknispjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra lækninga eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar.
- Deildarstjórar hjúkrunar innan heilbrigðisstofnana bera faglega ábyrgð á þeirri hjúkrunarþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra hjúkrunar eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar.
- ...¹⁾ [F]agstjórnendur innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem þeir veita og undir þá heyrir í samræmi við stöðu þeirra í skipuriti stofnunarinnar.

¹⁾ L. 91/2020, 8. gr.

■ **11. gr. Skipurit heilbrigðisstofnana.**

- [Forstjóri heilbrigðisstofnunar skal í samráði við framkvæmdastjórn, sé slík starfandi samkvæmt skipuriti, gera skipurit stofnunar. Skipurit skal kynnt ráðherra áður en það tekur gildi.
- [Við heilbrigðisstofnun þar sem starfandi er stjórn skal forstjóri bera skipurit undir hana til samþykktar áður en það er kynnt ráðherra.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 44/2022, 3. gr. ²⁾ L. 91/2020, 9. gr.

■ **12. gr. ...¹⁾**

¹⁾ L. 91/2020, 10. gr.

■ **13. gr. Fagráð.**

- [Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal starfa sérstakt fagráð sem forstjóri heilbrigðisstofnunar skipar.
- [Forstjóra og stjórn heilbrigðisstofnana, þar sem við á, ber að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvæðanir sem varða heilbrigðispjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunar.]¹⁾
- Ráðherra skal í reglugerð²⁾ kveða nánar á um skipan og verklag fagráða heilbrigðisstofnana.]³⁾

¹⁾ L. 44/2022, 4. gr. ²⁾ Rg. 1111/2020. ³⁾ L. 91/2020, 11. gr.

■ **14. gr. Notendaráð.**

- Ráðherra skipar sjó fulltrúa í notendaráð heilbrigðispjónustu samkvæmt tilnefningu frá starfandi sjúklingasamtökum.

Forstjórar og stjórn heilbrigðisstofnana, þar sem við á, skulu hafa samráð við notendaráð til að tryggja að sjónarmið notenda séu höfð til hliðsjónar við ákvæðanatöku um atriði er varða hagsmuni sjúklinga innan heilbrigðisstofnana.]¹⁾

¹⁾ L. 44/2022, 5. gr.

■ **IV. kaffli. ...¹⁾**

¹⁾ L. 91/2020, 12. gr.

■ **V. kaffli. ...¹⁾**

¹⁾ L. 91/2020, 12. gr.

■ **VI. kaffli. Gæði heilbrigðispjónustu.**

■ **23. gr. Gildissvið.**

□ Ákvæði þessa kaffla um faglegar kröfur til heilbrigðispjónustu og eftirlit með henni gilda um heilbrigðispjónustu sem veitt er hér á landi án tillits til þess hvort hún er veitt af ríkinu eða öðrum aðilum með eða án greiðsluháttöku ríkisins. Um eftirlit landlæknis með heilbrigðispjónustu gilda jafnframt ákvæði laga um landlæknin.

■ **24. gr. Faglegar kröfur til reksturs heilbrigðispjónustu.**

□ Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisstéttir, kveða í reglugerð¹⁾ á um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðispjónustu á einstökum sviðum. Reglugerðin skal byggð á þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma og skal hún endurskoðuð reglulega. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um lágmarkskröfur um mönnun, húsnaði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðispjónustu.

¹⁾ Rg. 786/2007.

■ **25. gr. Eftirlit með faglegum rekstri heilbrigðispjónustu.**

□ Landlæknir hefur eftirlit með að heilbrigðispjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðispjónustu og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Telji landlæknir að heilbrigðispjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 24. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við slíkum tilmælum ber landlæknir að skyra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá tekið ákvörðun um að stöðva rekstur tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

■ **26. gr. Skilyrði fyrir starfækslu heilbrigðispjónustu.**

□ Peir sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðispjónustu, þ.m.t. ríkið og sveitarfélög, skulu tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis. Með tilkynningunni skulu fylgja fullnaðgjandi upplýsingar um starfsemina, svo sem um tegund heilbrigðispjónustu, starfsmenn, búnað, tæki og húsnaði. Landlæknir getur óskað eftir frekari upplýsingum og gert úttekt á væntanlegri starfsemi telji hann þörf á því. Með sama hætti skal tilkynna landlæknir ef meiri háttar breytingar verða á mönnun, búnaði, starfsemi og þjónustu rekstraraðila. Sé rekstri heilbrigðispjónustu hætt skal tilkynna landlæknir um það.

□ Landlæknir staðfestir hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðispjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Hið sama gildir þegar ráðherra endurnýjar samninga við heilbrigðisstofnanir. Óheimilt er að hefja starfsemi á sviði heilbrigðispjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir. Landlæknir er heimilt að gera frekari kröfur sé það talið nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Staðfesting landlæknis verður jafnframt að liggja fyrir við meiri háttar breytingar skv. 1. mgr.

□ Heimilt er að skjóta synjun landlæknis um staðfestingu skv. 2. mgr. til ráðherra. Sama á við um ákvörðun landlæknis um að gera frekari kröfur skv. 2. mgr. Sé um að ræða heilbrigðispjónustu sem ríkið hyggst reka hefur ráðherra þó

ávallt úrskurðarvald um það hvort skilyrði laga og faglegar kröfur séu uppfylltar.

□ Landlæknir heldur skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og skal hann tilkynna ráðherra um allar breytingar sem verða á skránni.

□ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir rekstri heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum, framkvæmd eftirlits o.fl. í reglugerð.¹⁾

□ Fyrir úttekt landlæknis skv. 1. mgr. og staðfestingu hans á því að faglegar kröfur séu uppfylltar, sbr. 2. mgr., er heimilt að taka gjald samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð²⁾ sem ráðherra setur.

□ Greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur er háð því að um hana hafi tekist samningur milli rekstraraðila og ríkisins samkvæmt ákvæðum VII. kafla [og lögum um sjúkratryggingar].³⁾ nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

¹⁾ Rg. 786/2007. ²⁾ Rg. 226/2016. ³⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ 27. gr. Skráning óvænta atvika.

□ Heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Með óvæntu atviki er átt við óhappatilvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Um nánari framkvæmd slíkrar skráningar fer samkvæmt lögum um landlæknii.

■ [27. gr. a.]

□ Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um gæða- og öryggisviðmið við veitingu heilbrigðisþjónustu varðandi brotnám líffæra og líffæraígræðslu, meðferð og varðveislu á frumum og vefjum og rekstur blóðbankapjónustu].²⁾

¹⁾ Rg. 312/2015, sbr. 386/2015 og 1228/2021. ²⁾ L. 106/2014, 1. gr.

VII. kaffli. Samningar um heilbrigðisþjónustu.

■ 28. gr. Samningsumboð ráðherra.

□ Ráðherra fer með umboð ríkisins til samningsgerðar um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku ríkisins vegna hennar. [Sjúkratryggingastofnunin annast samningsgerð um heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um sjúkratryggingar].¹⁾

¹⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ 29. gr. [Samningar um heilbrigðisþjónustu, framkvæmdir og rekstur]

□ Um samninga um heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku vegna hennar, svo og samninga um framkvæmdir og rekstur, fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar].¹⁾

¹⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ 30. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ 31. gr. Samningar stofnana.

□ Heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum [laga um opinber fjármál].¹⁾

□ Heilbrigðisstofnanir sem veita . . .¹⁾ heilbrigðisþjónustu og reknar eru af ríkinu geta, með leyfi ráðherra, falið öðrum heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum með samningum að sinna ákveðnum þáttum þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita samkvæmt lögum þessum.

□ Landspítala, Sjúkrahúsini á Akureyri og öðrum . . .¹⁾ heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur er heimilt, með leyfi

ráðherra, að semja við aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn um að ákvæðir þættir þeirrar . . .¹⁾ heilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað að veita séu veittir á viðkomandi heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna.

□ [Ráðherra getur veitt sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnum, sem reknar eru af ríkinu, heimild til að skipuleggja heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli fyrir ósjúkratrygginga einstaklinga sem koma til landsins gagnert í því skyni að gangast undir tiltekna aðgerð eða meðferð, enda skerði það ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar. Um gjaldtöku af ósjúkratryggingum einstaklingum fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákvæði þessu fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkrahússum.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2020, 13. gr.

VIII. kaffli. Ýmis ákvæði.

■ 32. gr. Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga.

□ Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva [í eigu ríkisins]¹⁾ greiðist úr ríkissjóði. Pátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði. Meiri háttar viðhald og tækjakaup teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja telst ekki til stofnkostnaðar.

□ Sveitarfélög láta í té lóðir undir byggingar skv. 1. mgr., þ.m.t. fúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.

□ Eignarhlutur hvors aðila um sig skal vera í samræmi við kostnaðarhlutdeild skv. 1. mgr. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta.

□ Ráðherra getur í reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, kveðið nánar á um það hvað telst til meiri háttar viðhalds skv. 1. mgr.

¹⁾ L. 91/2020, 14. gr.

■ 33. gr. Sjúkraflutningar.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga.

¹⁾ Rg. 262/2011.

■ 34. gr. Gjaldtaka fyrir heilbrigðisþjónustu.

□ [Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkrahússum og ákvæðum sérlaga eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ [35. gr. Vinnsla persónuupplýsinga.

□ Heilbrigðisstofnunum er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar og lyfjanotkun einstaklinga, í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og til að tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu, lyfja og lækningatækja, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga].¹⁾

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr.

■ [36. gr.]¹⁾ Stöðunefnd lækna.

□ Ráðherra skipar þrjá lækna í nefnd, samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, Háskóla Íslands og landlæknis, er metur faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur. Nefndarmaður sem skipaður er samkvæmt tilnefningu landlæknis skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal skipuð til þriggja ára.

- Nefndin skal skila rökstuddu álti til þess sem ræður í stöðuna innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur.
- Ráða má hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein sem talinn hefur verið hæfur.
- Ráðherra setur stöðunefnd lækna starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr.

■ [37. gr.]¹⁾ *Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar.*

- Ráðherra skipar þrjá hjúkrunarfraeðinga í nefnd, samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra hjúkrunarfraeðinga, Háskóla Íslands og landlæknis, er metur faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra hjúkrunar á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur. Nefndarmaður sem skipaður er samkvæmt tilnefningu landlæknis skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal skipuð til þriggja ára.
- Nefndin skal skila rökstuddu álti til þess sem ræður í stöðuna innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur.
- Ráða má hvern þann hjúkrunarfraeðing til starfa samkvæmt þessari grein sem talinn hefur verið hæfur.
- Ráðherra setur stöðunefndinni starfsreglur²⁾ að fengnum tillögum hennar.

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr. ²⁾ Rgl. 220/2014.

■ [38. gr.]¹⁾ *Reglugerð.*

- Ráðherra getur með reglugerð²⁾ kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr. ²⁾ Rg. 426/1997, sbr. 886/2013. Rg. 441/2006, sbr. 1024/2007, 411/2010, 625/2012, 216/2016 og 482/2018. Rg. 544/2008. Rg. 1188/2008. sbr. 453/2017. Rg. 312/2015, sbr. 386/2015 og 1228/2021. Rg. 530/2015. Rg. 452/2017. Rg. 1111/2020, sbr. 857/2022. Rg. 831/2022, sbr. 858/2022. Rg. 1551/2022.

■ [[39. gr.]¹⁾ *Innleiðing.*

- Með lögum þessum er ráðherra veitt heimild til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópupingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013, frá 8. október 2013.]²⁾

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr. ²⁾ L. 106/2014, 2. gr.

■ [40. gr.]¹⁾ *Gildistaka.*

- Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007. . . .
¹⁾ L. 99/2020, 15. gr.

■ [41. gr.]¹⁾ . . .

¹⁾ L. 99/2020, 15. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ I.

- Meðan tímabundnir samningar, sbr. 28. gr., við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu gilda teljast hlutadeigandi starfsmenn heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu og eru í starfi þegar samningarnir takा gildi vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í slíkum samningum er [ráðherra]¹⁾ heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi allar þær valdheimildir sem forstjórar heilbrigðisstofnana fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarástöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.
- Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags.

- [Ráðherra]¹⁾ og [ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins]²⁾ annars vegar og sveitarfélag hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 77. gr. ²⁾ L. 126/2011, 451. gr. ³⁾ L. 112/2008, 59. gr.

■ II.

- Ráðherra skal skipa starfshóp sem falið verði að leggja fram tillögur að skilgreiningu á hugtakinu „fjarheilbrigðisþjónusta“ í lögum. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. júní 2021 og ráðherra skal í kjölfarið flytja þinginu munnlega skýrslu um niðurstöður starfshópsins.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2020, 15. gr.